



Prestur: Sr. Erla Guðmundsdóttir
Organisti: Arnór Vilbergsson
Einsöngur: Elmar Þór Hauksson
Söngur: Félagar úr Kór Keflavíkurkirkju
Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Suðurnesja

Ástvinir þakka fyrir auðsýnda samúð og hlýhug
og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar
í Kirkjulundi að athöfn lokinni.



Soffía Magnúsdóttir

Fædd 11. febrúar 1927

Dáin 4. mars 2022



Útför frá Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 24. mars 2022

Forspil

Ave Maria

Sigvaldi Kaldalóns

Bæn

Ísafjörður

Í faðmi fjalla blárra
þar freyðir aldan köld
í sölum hamra hárra
á huldan góða völd.
Sem lætur blysin blika
um bládimm klettaskörð
er kvöldsins geislar kvika
og kyssa Ísafjörð.

Þú dísin vorra dala
þér dvelja viljum hjá.
Um ást og unað hjala
við unnar sundin blá.
Þar hugann upp skal yngja
til afls og bræðralags,
og hulduöngva syngja
við sólrís næsta dags.
Jónas Tómasson eldri
Guðmundur Guðmundsson

Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvilast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér.
Sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margret Scheving / 23. Davíðssálmur

Ritningarlestur

Tvær stjörnur

Megas

Einsöngur

Guðspjall

Íslenska konan

Einsöngur

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ávallt er vörn þín, þinn skjöldur og hlíf.
Hún er íslenska konan sem ól þig og helgar sitt líf.

Með landnemum sigld'ún um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún vakt' er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin rjóð,
hún var ástkona hljóð,
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpræðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkrað' og stritaði gleðisnaud ár.
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín,
hún er barnsmóðir þín,
hún er björt sólarvörn.

Ó, hún er ást, hrein og tær,
hún er alföður kær,
hún er Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.
Og sjá, þér við hlið er þín hamingjudís,
sem alltaf er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það er íslenska konan, tákni trúar og vonar,
sem ann þér og helgar sitt líf.

Ómar Ragnarsson / Billy Joel

Minningarorð

Það þarf fólk eins og þig

Rúnar Júlíusson / Buck Owens

Einsöngur

Bæn og Faðir vor

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys.
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær.
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd,
og leið mig um þin töfragæstu friðarlönd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Jón frá Ljárskógum / Stephen C. Foster

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjónvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Antwerpen 1540 / Breytt 1840
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Heyr mína bæn

Ólafur Gaukur - Nicola Salerno